

GJALDSKRÁ

Sveitarfélagsins Stykkishólms um stuðningsþjónustu.

1. gr.

Gjald samkvæmt reglum um stuðningsþjónustu.

Greitt er mánaðargjald fyrir þjónustu 2.300 kr.

Gjald fyrir hverja unna vinnustund á dagvinnutíma vegna stuðningsþjónustu í formi þrifa á heimili og sambærilegrar stuðningsþjónustu er 3.850 kr. Þjónusta í formi þrifa og annarra gjalda, sem er umfram 26.000 kr. á mánuði, á hvert heimili, er endurgjaldslaus.

Gjald fyrir þvott:

- Hver flík 260 kr.
- Handklæði 525 kr.
- Sængurverasett 1.050 kr.

Gjald fyrir akstursþjónustu aldraðra er 550 kr.

Fæðisgjald:

- Hádegismatur fyrir 67 ára og eldri kr. 1.250 kr.
- Aðrir gestir 2.800 kr.
- Síðdegishresing 450 kr.
- Akstur með hádegismat 250 kr.

2. gr.

Undanþága frá greiðslu/lækkun greiðslu.

Undanþegnir gjaldskyldu fyrir þrif eru þeir notendur sem einungis hafa tekjur samkvæmt framfærsluviðmiði Tryggingastofnunar ríkisins eða þar undir.

3. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett á grundvelli 2. mgr. 25. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, og 4. mgr. 26. gr. og 40. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 18. desember 2024.

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson bæjarstjóri.